

Skýrsla stjórnar 2019

Vatns- og fráveitufélag Íslands (VAFRÍ) var stofnað 17. apríl 2009. Stofnfélagar voru þá 41 talsins. Félagar eru nú 174 talsins.

Helstu markmið félagsins eru að stuðla að öruggum vatnsveitum, bættum vatnsgæðum og vistvænum fráveitum. Félagið vill auka þekkingu á vatns- og fráveitumálum með markvissum hætti og miðla reynslu til fagaðila og almennings.

Í stjórn VAFRÍ sátu áfram Hrund Ó. Andradóttir (formaður, prófessor HÍ), Íris Þórarinsdóttir (gjaldkeri, tæknistjóri fráveitu Veitna), Arndís Ósk Ólafsdóttir (ritari, tæknistjóri vatnsveitu Veitna). Nýir í stjórn komu Þorsteinn Narfason (meðstjórnandi, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis) og Baldur Dýrfjörð (meðstjórnandi, lögfræðingur Samtaka orku- og veitufyrirtækja á Íslandi, Samorku). Maríu J. Gunnarsdóttur og Sigurjóni Kjærnested var þakkað fyrir störf í þágu félagsins.

Á árinu 2018-2019 var helst á baugi hjá félaginu:

1. Tækifæri í vatns- og fráveitumálum á Íslandi
2. Loftslagsmál í brennidepli
3. Málstofa um membrutækni
4. Nefndarstörf
5. Blágrænar ofanvatnslausnir
6. Innheimta félagsgjalda

1. Tækifæri í vatns- og fráveitumálum á Íslandi

Eftir síðasta aðalfund var haldin málstofa með tveimur hugvekjum. Sigurður Grétar Sigmarsson hjá Verkís verkfræðistofu ræddi um tækifæri í meðhöndlun ofanvatns á Íslandi. Bandaríkjamenn leggja gífurlega áherslu á rofvarnir á byggingarstað því rannsóknir sína að mikill jarðvegur geti flust í næsta viðtaka á byggingartíma. Margvíslegum aðferðum er beitt, þ.á.m. að lágmarka tímann sem jarðvegur er laus, jaðargildirur, og götuhreinsun. Hvatti hann til þess að markmið og viðmið ofanvatnsmeðhöndlunar verði skýrð, og að skipað yrði tækniráð sem myndi vinna grunngögn og leiðbeiningar.

Ragnhildur Gunnarsdóttir hjá EFLU verkfræðistofu greindi frá því hversu klósettið hefur tekið litlum breytingum frá uppfinningu þess fyrir 200 árum síðan. En nú er farið að horfa í æ ríkara mæli til svartvatns sem verðmæti, því vatnið innihaldi mikið af næringarefnum. Hún greindi frá fyrirhugaðri uppbyggingu sértækra salernislausna í kringum Mývatn, þar sem svartvatni verður safnað, meðhöndlað og nýtt til uppgræðslu á Hólasandi. Hægt er að hlýða á upptöku af fundinum, og lesa glæurnar, á vefsíðu félagsins vafri.hi.is.

2. Loftslagsmál í brennidepli

Ríkisstjórnin kynnti aðgerðaráætlun í loftslagsmálum 2018-2030 í september á íslensku heimildarþáttaröðarinnar „*hvað höfum við gert?*“ Þar verða áhrif loftslagsbreytinga á vatns- og fráveitur og mikilvægi sjálfbærnihugsunar í aðlögun og lausnum við loftslagsmál rædd.

3. Málstofa um membrutækni

Félagið stóð fyrir hádegisfyrirlestri um miðjan nóvember um hvernig himnur geti nýst vatns- og fráveitum. Bing Wu, nýráðinn lektor í umhverfisverkfræði við Háskóla Íslands, kynnti tæknina og mögulega nýtingu hennar á fjölbreyttum sviðum, s.s. matvælaíðnaði og skólphreinsun í dreifbýli. Snorri Halldórsson hjá Alvotech greindi frá hluterki membra í framleiðslu hátæknilyfja. Síðan velti Reynir Sævarsson hjá Eflu verkfræðistofu því fyrir hvort eðlisfræðilegar lausnir, s.s. membra, henti betur til að hreinsa útþynnt skólp á Íslandi en líffræðilegra hreinsiaðferða. Um 35 manns sóttu málþingið og nýtti mannskapurinn sér vel spjalltímann fyrir málstofuna.

4. Nefndarstörf

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið fól stjórn VAFRÍ sl. sumar að tilnefna í starfshóp um endurskoðun á regluverki um neysluvatn. Arndís Ósk Ólafsdóttir, María Jóna Gunnarsdóttir og Reynir Sævarsson voru tilnefnd fyrir hönd VAFRÍ. María var valin úr tilnefningum VAFRÍ og Arndís var valin fyrir hönd Samorku. Vinna starfshópsins mun að miklu leiti felast í að gera tillögu að því hvernig staðið verður að innleiðingu nýrrar Evróputilskipunarinnar.

Sl. september var Vatnafræðifélag Íslands endurvakið. Nokkrir félagsmenn VAFRÍ sitja í stjórn félagsins. Félagið stefnir að halda Nordic Hydraulic Program (NHP) ráðstefnuna árið 2022.

5. Blágrænar ofanvatnslausnir

Rannsóknasjóður Rannís studdi verkefni um blágrænar ofanvatnslausnir í þéttbýli. Hátækni veðurstöð var reist um áramótin sem rekin verður af Veðurstofu Íslands fyrir hönd Garðabæjar. Stefnt er að gögnin úr stöðinni verði aðgengileg á vefsíðu Veðurstofu Íslands.

6. Innheimta félagsgjalda

Innheimta félagsgjalda hófst 24. apríl 2019. Greiðsluseðlar hafa verið sendir til 15 aðildarfyrirtækja sem greiða aðild fyrir um 124 félagsmenn. Í félagsskrá eru um 174 einstaklingar.